

**Stjórn byggðasamlags UTU - 123. fundur
haldinn á Teams, miðvikudaginn 25. júní 2025
og hófst hann kl. 10:30**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Ása Valdís Árnadóttir, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Staða skipulagsfulltrúa, ráðningarferli

Á 121. fundi stjórnar var skrifstofustjóra og formanni falið að fá ráðgjafafyrirtæki til að auglýsa stöðu skipulagsfulltrúa. Hagvangur var fenginn í verkið og auglýsti stöðu skipulagsfulltrúa lausa til umsókna 9. maí sl. og rann umsóknarfrestur út 9. jún. sl. Sjö einstaklingar sóttu um stöðuna og nú hafa tveir af þeim verið teknir í viðtal, lagt fram minnisblað frá Hagvangi þar um.

Stjórn samþykkir að fela skrifstofustjóra, formanni og Ásu Valdísi að vinna málið áfram og taka annað viðtal í samstarfi við Hagvang.

2. Fyrirspurn frá trúnaðarmanni UTU

Lögð fram fyrirspurn frá trúnaðarmanni starfsmanna UTU vegna styttingar vinnuvikunnar.

Stjórn samþykkir að fela skrifstofustjóra og formanni að vinna málið áfram.

3. Dreifingarsvæði á Hrunamannafrétt, girðingarmál

Fyrir fundinn lág fyrir minnisblað og tilboð í girðingu á Hrunamannafrétt þar sem seyru er dreift á.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tilboð í girðingu og tillögu, að girtir verði í kringum tveir kílómetrar af girðingu eða um 100 ha svæði sem liggur að gamla svæðinu. Gert er ráð fyrir að nýja girðingin verði fimm strengja netgirðing með jarnstaurum, gaddavír ofan og neðan við netið. Fjögur hlið verða á girðingunni til að auðvelda verktaka að komast inn á mismunandi stöðum til að dreifa á. Skrifstofustjóra falið að vinna málið áfram í samstarfi við oddvita Hrunamannahrepps ásamt því að vinna drög að samning við Hrunamannahrepp um afnot af dreifingarsvæðinu.

Samþykkt samhljóða.

4. Afgreiðslur aðildarsveitarfélaganna á 2. dagskrárlið frá 122. fundi stjórnar

Lagðar fram til kynningar bókanir aðildarsveitarfélaga UTU vegna tillögu um samþykktarbreytingar sem lögð var fram á 122. fundi stjórnar UTU. Fimm af sex sveitarfélögum tóku jákvætt í tillöguna en Hrunamannahreppur hafnaði tillögunni og ítrekar ósk sína um að fá heimild til að starfrækja sína eigin skipulagsnefnd án þess að þurfa að hverfa úr UTU.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:29.

Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Varaformaður
Helgi Kjartansson

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson

Aðalmaður
Ása Valdís Árnadóttir